

Sp. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrautar á Ísafirði.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 5 millj. kr. lán til byggingar dráttarbrautar á Ísafirði, sem fullnægi þörfum útgerðarinnar á Vestfjörðum.

Greinargerð.

Það háir mjög útgerð, skipabyggingum og viðgerðum á Vestfjörðum, að þar hefur engin dráttarbraut verið til nægilega stór til þess að geta tekið upp þau skip, sem eru nú gerð þaðan út. Enn fremur er mikill fjöldi innlendra og erlendra skipa á veiðum þar úti fyrir mikinn hluta ársins, sem oft þurfa á viðgerðum að halda. Hefur oft þurft að framkvæma á þeim bráðabirgðaviðgerðir vestra með frumstæðum hætti. Úr þessu er óhjákvæmilegt að bæta. Á Ísafirði er ný vélsmiðja með góðum tækjum og fullkomin skipasmíðastöð. Þessi iðnfyrirtæki njóta sín ekki fyrr en aðstaða er fyrir hendi til þess að taka þar á land skip á stærð við togara. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Með henni er lagt til, að ríkið veiti Vestfjörðum hliðstæða aðstoð og öðrum landshlutum hefur þegar verið veitt. Er hér um að ræða þýðingarmikið atvinnu- og efnahagsmál fyrir Ísafjörð og önnur útgerðarbyggðarlög á Vestfjörðum.

Þess má að lokum geta, að samkvæmt ýtarlegri athugun, sem fram hefur farið, eru ákjósanleg skilyrði fyrir slíkt mannvirki á Ísafirði. Ríkir mikill áhugi meðal almennings í bænum, einkum þó iðnaðarmanna, fyrir þessari framkvæmd.